Fimmtudaginn 29. júní 1995.

Nr. 106/1994. **Helga Gunnarsdóttir**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Hákoni Ólafi Ísakssyni
(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Skuldabréf. Viðskiptabréfareglur. Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1994. Hún krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 257.931 krónu með 11,5% ársvöxtum frá 29. maí 1992 til 30. júlí sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála er mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi. Skrifleg sókn barst frá áfrýjanda, en vörn hefur ekki borist frá stefnda.

I.

Ágreiningslaust er í málinu, að stefndi og Verkvernd hf. gerðu með sér verksamning 29. maí 1992 um viðgerðir á húsi stefnda að Meðalbraut 22 í Kópavogi. Undirrituðu aðilar skuldabréf sama dag um greiðslu stefnda á 257.931 krónu til félagsins vegna vinnu við verkið. Skyldu afborganir skuldfærðar á greiðslukortareikning stefnda hjá fyrirtækinu Visa-Ísland og greiðast á ellefu gjalddögum, í fyrsta sinn 30. júlí 1992. Verkframkvæmdum lauk aldrei, en stefndi rifti verksamningi með bréfi, dagsettu 27. ágúst 1992. Verkvernd hf. framseldi áfrýjanda skuldabréfið, en áfrýjandi krefur stefnda nú um greiðslur samkvæmt bréfinu, og nemur stefnufjárhæð höfuðstól

skuldabréfsins. Aðila máls þessa greinir á um, hvort áfrýjandi njóti réttarfarshagræðis þess, sem leiðir af reglum 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Meginefni skuldabréfsins frá 29. maí 1992 er rakið í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, segir m. a. svo í bréfinu: „Afrit af skuldabréfi þessu skal senda til VISA-Íslands sem fyrst. Heimilt er að framselja skuldabréf til bankastofnunar eða annars leyfishafa til verðbréfamiðlunar, hafi viðkomandi innheimtusamning við VISA-Ísland." Ákvæði þetta er í hinum prentaða texta bréfsins. Í málinu er ekki haldið fram, að áfrýjandi sé meðal aðila, sem greindir eru í ákvæðinu.

Að lögum er heimilt að semja svo um, að sérreglum um viðskiptabréf verði ekki beitt um skjal, sem að öðrum kosti myndi uppfylla skilyrði laga um að teljast viðskiptabréf. Svo er til dæmis, þegar framsal er bannað í bréfinu sjálfu. Slíkt ákvæði í skuldabréfi hefur þó ekki þau réttaráhrif, að aðilaskipti geti ekki orðið að bréfinu við framsal, heldur hefur ákvæðið í för með sér, að um framsal bréfsins fer eftir almennum reglum um framsal kröfuréttinda, sbr. grunnreglu 11. gr. víxillaga nr. 93/1933 og 14. gr. laga nr. 94/1933 um tékka.

Fallist er á það álit héraðsdómara, að framangreint ákvæði skuldabréfsins um takmörkun á framsali beri að skýra svo, að skjalið hafi réttaráhrif sem viðskiptabréf við framsal til þeirra aðila, sem getið er í ákvæðinu. Þegar skuldabréfið er framselt til annarra, fer hins vegar eftir almennum reglum um framsal kröfuréttinda, svo sem áður er að vikið. Eiga síðastgreindar reglur því við um framsal Verkverndar hf. á skuldabréfinu til áfrýjanda. Getur stefndi af þeim sökum borið fyrir sig sömu mótbárur gagnvart áfrýjanda og hann átti gagnvart Verkvernd hf., sem var upphaflegur eigandi bréfsins.

Þar sem kröfugerð áfrýjanda á hendur stefnda styðst samkvæmt þessu aðeins við almenna kröfu, en ekki kröfu, sem lýtur hinum sérstöku réttarreglum um viðskiptabréf, verður mál þetta ekki rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Þykir því ekki verða komist hjá að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.